

Tilkynning um grun

- Ef héraðsdýralæknir (HD) fær tilkynningu um grun um riðu byrjar hann á að láta sérgreinadýralækni sauðfjár og nautgripa vita.
- Ef sérgreinadýralæknir sauðfjár og nautgripa fær tilkynningu um grun um riðu byrjar hann á að hafa samband við héraðsdýralækni.

Skoðun og sýnataka

Héraðsdýralæknir:

- Fer á staðinn og athugar hvaða einkenni kindin sýnir.
 - Einkenni riðu eru oftast mikið tin, spastískar hreyfingar, kláði, lömun og hræðsla.
 - Aðrar ástæður fyrir svipuðum einkennum geta verið sýking eða bólgur í miðtaugakerfi, heilabólga, heilahimnubólga, listeríusmit, æxli, blæðing eða annar þrýstingur á heila og mænu.
- Tekur myndband af kindinni.
- Ef enn er talið að um riðu geti verið að ræða er kindin aflífuð og sýni tekið. Við aflífun og sýnatöku skal nota brettahettu, sem er stór og sterkur plastpoki. Setja skal kindina í pokann, hún skotin og blóðguð í honum, til að hindra að blóð fari um allt. Gæta skal þess að horn geri ekki gat á pokann.
- Tekur sýni af litlaheila og mænukylfu, setur í box með eyrnamerki kindarinnar og sendir til rannsóknar á Keldum, ásamt útfylltri rannsóknarbeiðni

Móttaka á niðurstöðum rannsókna og virkjun VIÐ-teymis

- Ef niðurstaða rannsókna er neikvæð tilkynnir héraðsdýralæknir sauðfjáreiganda og sérgreinadýralækni um það. Hann skráir niðurstöðuna, vistar í málakerfi og lokar málinu.
- Ef niðurstaða rannsókna er jákvæð tilkynnir héraðsdýralæknir sauðfjáreiganda og sérgreinadýralækni um það. Sérgreinadýralæknir kallar VIÐ-teymi saman til fundar, sem í eru auk hans: viðkomandi héraðsdýralæknir, yfirdýralæknir og sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði. Teymið vinnur upp frá því í samræmi við viðbragðsáætlun.

Tilkynning um jákvæða niðurstöðu

VIÐ-teymið skipuleggur og framkvæmir útsendingu tilkynninga um niðurstöðuna

- Tilkynna eftirfarandi hagsmunaaðilum á svæðinu um málið, svo sem:
 - Bændum í nágrenni riðubæjar
 - Sláturhúsum
 - Starfsmönnum RML
 - Heilbrigðiseftirliti
 - Lögreglu
 - Sveitarstjórnnum
- Tilkynna aðilum á landsvísu, svo sem:
 - Ráðuneyti
 - Landssamtökum sauðfjárnænda
 - Dýralæknum
 - Almennungi

Faraldsfræðirannsókn

VIÐ-teymið skipuleggur og framkvæmir öflun faraldsfræðiupplýsinga.

- Við öflun upplýsinga eru viðeigandi eyðublöð notuð.

Undirbúningur fyrir hreinsun og urðun

VIÐ-teymið skipuleggur og framkvæmir undirbúning fyrir hreinsun og urðun.

- Fara þarf um jörðina og staðhættir kannaðir, sem og byggingar og innréttingar.
- Ákveða þarf urðunarstað fyrir skít, jarðveg, hey og innréttingar í samráði við heilbrigðiseftirlit.

Undirbúningur fyrir samningsgerð og bótagreiðslur

VIÐ-teymið skipuleggur og framkvæmir undirbúning fyrir samningsgerð og bótagreiðslur.

- Mæla upp það sem á að farga.
- Telja heyfeng.
- Gera áætlun um jarðvegsskipti.
- Senda samantekt á excel-skjali til samhæfingarsviðs, sem sjá um samningsgerð.

Skipulagning á framkvæmd aflífunar

VIÐ-teymið skipuleggur og framkvæmir undirbúning fyrir aflífun.

- Hafa samband við Kölkú um tímasetningu aflífunar og magn þess sem þarf að brenna.
- Útvega lekahelda gáma.
- Ákveða stað fyrir hrægáma.
- Finna til allt sem þarf til fyrir aflífunina, svo sem:
 - Loftbyssu
 - Loftpressu
 - Hnífa og brýni
 - Sýnatökudósir
 - Vatnsheld utanyfirföt
 - Vinnuföt
 - Einnota hanska
 - Stígvél
 - Brettahettur til að setja riðusmitaðan fatnað í
 - Úða til að merkja kindur sem á að taka sýni úr
- Meta mannaflapörf:
 - Sýnataka – einn maður
 - Aflífun – tveir menn
 - Draga að skotmönnum – tveir menn
 - Í gám að skera á háls, stinga í garnir, taka merki og hausa til sýnatöku – tveir menn
 - Frágangur og þrif á niðurskurðarstað – tveir menn

Úttekt á hreinsun

VIÐ-teymið skipuleggur og framkvæmir undirbúning fyrir hreinsun.

- Taka hreinsun út þegar hún hefur átt sér stað.
- Þegar hreinsun er talin fullnægjandi er fenginn aðili til að sótthreinsa með klórböndu.